

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Veitustofnunar Seltjarnarness, fráveita, nr. 900/2012.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

Álagningarstofn fráveitugjalds skv. 2. gr. skal vera 0,140% af fasteignamati allra húsa og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekkert fráveitugjald.

2. gr.

Breyting þessi er gerð samkvæmt samþykkt bærarstjórnar um álagningu fráveitugjalds frá 14. nóvember 2014, reglugerð fyrir Veitustofnun Seltjarnarness nr. 237/2011 og lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitu nr. 9/2009, með síðari breytingum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Auglýsingin öðlast gildi 1. desember 2014.

Seltjarnarnesi, 14. nóvember 2014.

Ásgerður Halldórsdóttir bærarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2014